

5. mál Tillaga borgarfulltrúa Besta flokksins og Samfylkingar um tímabundna tilfærslu verkefna milli ráða og nefnda

Forseti: Þá er það 5. liður á dagskrá sem er tillaga borgarfulltrúa Besta flokksins og Samfylkingar sem hljóðar svo:

Lagt er til að til næstu áramóta fari borgarráð með verkefni framkvæmda- og eignaráðs, menntaráð með verkefni leikskólaráðs, umhverfis- og samgönguráð með verkefni heilbrigðisnefndar og velferðarráð með verkefni framtalsnefndar skv. samþykktum viðkomandi ráða. Þær fullnaðarákvarðanir sem leikskólaráði og framtalsnefnd eru heimilaðar í viðaukum 1.4 og 1.5 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, komi á tímabilinu til borgarráðs til staðfestingar.

Þessi tillaga er hér framlögð og þeir sem greiða henni atkvæði sitt eru beðnir um að gefa merki. Einhverjir á móti? Tillagan er samþykkt með 9 greiddum atkvæðum, sex borgarfulltrúar sitja hjá og Júlíus Vífill Ingvarsson hefur óskað eftir að taka til máls.

5. mál Tillaga borgarfulltrúa Besta flokksins og Samfylkingar um tímabundna tilfærslu verkefna milli ráða og nefnda

Júlíus Vífill Ingvarsson: Ágæta borgarstjórn, virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að óska borgarstjóra til hamingju með kjörið og óska honum velfarnaðar í sínum störfum og sömuleiðis óska forseta og fyrsta og öðrum varaforseta, ásamt öðrum borgarfulltrúum sem hér taka sæti í fyrsta skipti til hamingju með sitt kjör.

Borgarstjórnarflokkur Sjálfstæðisflokksins telur mikilvægt að leitað sé allra leiða til þess að gera stjórnkerfi borgarinnar eins skilvirkt og kostur er. Ákveðinn stöðugleiki þarf að ríkja um stjórnskipulagið en það er ekki meitlað í stein og sjálfsagt að velta upp nýjum leiðum þegar tilefni er til. Við setjum okkur ekki upp á móti því að farið sé yfir samlegðaráhrif sviða og ýmissa verkefna og að gefinn sé tími til þess. Í því felst ekki á nokkurn hátt samþykki okkar fyrir þeim breytingum sem til skoðunar verða. Bókun okkar er því svohljóðandi:

Borgarstjórnarflokkur Sjálfstæðisflokks gerir ekki athugasemdir við né leggst gegn því að stjórnskipulag borgarinnar verði endurskoðað í þeim tilgangi að auka skilvirkni þess og hagkvæmni. Í því felst engin afstaða til þeirra tillagna sem síðar verða væntanlega lagðar fram. Borgarstjórnarflokkur Sjálfstæðisflokksins situr því hjá við afgreiðslu málsins.

Forseti: Borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson hefur lokið við að gera grein fyrir bókun borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks og þá tekur til máls borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir.

5. mál Tillaga borgarfulltrúa Besta flokksins og Samfylkingar um tímabundna tilfærslu verkefna milli ráða og nefnda

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég vil að sama skapi óska nýkjörnum borgarstjóra til hamingju og bjóða nýja borgarfulltrúa velkomna til starfa og hlakka til að vinna með ykkur öllum á komandi kjörtímabili. Nú, ég biðst afsökunar á því að koma hér upp með tölvuna en það er vegna þess að ennþá höfum við ekki verið tengd almennilega á þessu nýja kjörtímabili og ég mun ekki gera það í framtíðinni.

En mig langar til þess að tala aðeins um þessa tillögu vegna þess að að mörgu leyti tökum við Vinstri græn undir það sem þarna stendur til að gera, eða við getum verið sammála hluta af þessum verkefnum en teljum annað verulega varhugavert. Þannig að ég mun sitja hjá í þessu máli og leggja fram eftirfarandi bókun, sem er svohljóðandi með leyfi forseta:

Borgarfulltrúi Vinstri grænna tekur undir mikilvægi þess að fela menntaráði verkefni leikskólaráðs, telur vel koma til greina að fela borgarráði verkefni framkvæmda- og eignaráðs að hluta til eða öllu leyti, en geldur varhug við að fela umhverfis- og samgönguráði umsjá með verkefnum heilbrigðisnefndar. Þar sem allar breytingarnar eru teknar til afgreiðslu á sama tíma sér borgarfulltrúi Vinstri grænna sér ekki fært að greiða atkvæði um tillöguna og situr hjá.

Ég tek undir með borgarfulltrúa Júlíusi Vífli Ingvarssyni og fulltrúum Sjálfstæðisflokksins, að auðvitað er stjórnkerfi borgarinnar ekki meitlað í stein og það fyrirkomulag sem hér hefur verið má að sjálfsögðu endurskoða og ber að endurskoða með reglulegu millibili en þessar breytingar tel ég vera of umfangsmiklar og of ólíkar til þess að ég geti greitt atkvæði með eða á móti í þessu tiltekna máli.

Forseti: Borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir hefur lokið máli sínu og lokið við að gera grein fyrir bókun vegna þess máls sem hér var fram lagt og samþykkt með níu greiddum atkvæðum.